

Samskeytalaust gólfefni - tæknilýsingarblað

Efnislýsing:

ULTRA EP-Terrazzó er mjög fallegt samskeytalaust gólfefni, sem samanstendur af muldum marmara og tveggja þátta lituðu fjölliðu efni. ULTRA EP-Terrazzó er lagt í 8mm þykkt.

Kostir:

Helstu kostir ULTRA EP Terrazzó gólfefnisins eru að það er níðsterkt, með sléttri áferð og mjög auðvelt að þrifa það. ULTRA EP-Terrazzó er lagt samskeytalaust, það er þó auðvelt að reita flötinn niður með t.d. listum og skipta þannig milli mismunandi litasamsetninga. ULTRA EP-Terrazzó er leysiefnalaust og því ekki mengandi fyrir notandann né umhverfið. Hvorki við lögn né eftir á.

Notkunarsvið:

Helsta notkunarsvið ULTRA EP-Terrazzó eru sýningarsalir, skólar, verslanir, hótél og víðar. Hægt er að fá ULTRA EP-Terrazzó í fjöldan allan af litasamsetningum.

Eiginleikar:

Þrýstipól 95N/mm²


Rispuþól EN 13892-5

Samþykkt af RAW 1

Togþól Meira en steypu.

Efnapól Leitið upplýsinga.

Brunapól Class G (SS 02 48 25)



Vinnslutími:

- ◆ Tími við lögn: 4-5 dagar
- ◆ Gönguhæft: 18-20 klst/20°C
- ◆ Lyftaraumferð: 48 klst/20°C

Vinnsluferli:

Steinsteypa þarf að vera minnst 28 daga gömul frá lagningu, undirlag sé með a.m.k. 25N/mm brotstyrk að öðrum kosti þarf að styrkja yfirborðið með epoxý bindiefni, hlutfallsraki sé minni en 80% í yfirborði undirlags og að lofthiti sé yfir 18°C á meðan lögn fer fram.

Lagning ULTRA EP-Terrazzó skal eingöngu framkvæmd af sérþjáfuðum lagningarmönnum.

Umhirða:

Endingartími gólfefnis getur meðal annars byggst á reglulegum þrifum og góðri umhirðu. Gólfefnið skal þrifið með réttum efnum til að fjarlægja m.a. Dekkfjör og önnur illþrifanleg óhreinindi. Gólfefni í matvælaíðnaði er almennt nægjanlegt að þrifa með 50°C heitu vatni og hreinsiefnum skv. þrifaplani frá framleiðanda hreinlætisvara. Nýtt gólfefni getur í sumum tilfellum verið kjörið tækifæri til að bæta umgengni á vinnustað.